

LANDSLÖG

Reykjavík, 31. október 2016

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur
Hr. Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri

EFNI: LÖGFRÆÐIÁLIT VEGNA SAMNINGSDRAGA UM HRAÐLEST

Með vísan til fyrri samskipta okkar sendist minnisblað um heimildir sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila með þeim efnisatriðum sem greinir í drögum að samningi við Fluglestina-þróunarfélag ehf. Meginefni minnisblaðsins er eftirfarandi:

- Samkeppniseftirlitið hefur túlkað 1. gr. skipulagslaga þannig að gæta þurfi samkeppnissjónarmiða við skipulagsáætlanir. Að mínu mati stangast fyrirhuguð samningsgerð ekki á við samkeppnislög.
- Samningarnir falla ekki undir lög um opinber innkaup þar sem ekki er um að ræða kaup á þjónustu eða verki í skilningi þeirra laga. Dómaframkvæmd Evrópudómstólsins gefur ekki til kynna að túlkun hinna nýju laga um opinber innkaup (sem samþykkt voru 11. október sl.) gangi lengra.
- Umboðsmaður Alþingis og íslenskir dómstólar hafa túlkað jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttarþannig að þegar opinberir aðilar úthluta gæðum þurfi að gæta að jafnræði á milli borgaranna. Þurfi því t.d. að auglýsa ríkisjarðir og almennt beri að auglýsa lóðarúthlutanir. Málefnalegar ástæður til frávika frá þessu geta verið til staðar þegar einkaaðili sýnir frumkvæði og leggur í kostnað við að þróa hugmyndir um nýtingu hinna opinberu gæða.
- Huga þarf að því við samningsgerð að ekki sé brotið gegn reglum um óheimila ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES-samningsins.
- Lagðar eru til breytingar á samningsdrögunum sem: a) draga úr því að aðildarsveitarfélögin verði bundin af tillögum viðsemjanda síns í skipulagsmálum, b) skýrt er tekið fram að við úthlutun eða sölu byggingarréttar verði fylgt gildandi reglum og aðferðum á þeim tíma er að því kemur og c) ekki verði kveðið jafn skýrt að orði um útilokun annarra sem kynnu að hafa svipaðar hugmyndir.

Með þessu móti er ólíklegra að talið yrði að umræddur samningur teldist stangast á við reglur um ríkisaðstoð.

Undirritaður veitir greiðlega allar frekari upplýsingar eftir því sem óskað verður eftir.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.